

Leigusamningur um lóð í Hafnarfirði

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579,
leigir hér með HS Veitum hf kt. 431208-0590
lóð fyrir veitumannvirki með eftirgreindum skilmálum:

1. Staðsetning lóðar og stærð

Lóðin er : Lindarberg 1
Landeignanr.: L120881

Flatarmál lóðarinnar er 50,0 fermetrar og er lögun hennar eins og sýnt er á hjálögðu mæliblaði staðfestu af skipulags- og byggingarsvið dags. september 2016, með síðari breytingum sem er hluti þessa samnings.

2. Leigutími

Lóðin er leigð til 75 ára frá 1. degi febrúar mánaðar 2019.

3. Kvaðir af hálfu Hafnarfjarðarbæjar

- Óheimilt að gera jarðrask utan eigin lóðarmarka án skriflegs leyfis byggingarfulltrúa.
- Óheimilt er að nota lóðina til annars en deiliskipulag gerir ráð fyrir.

4. Lóðarfrágangur

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram bæjarlandi og sjá sjálfur um framkvæmdir þ.m.t. jarðfláa og stoðveggi. Við frágang á lóðum skal taka tillit til nærliggjandi lóða. Lóðarhafa er skylt að ganga að fullu frá lóð samkvæmt samþykktum upprætti.

5. Leigugjald, skattar og önnur opinber gjöld

Ársleiga lóðar er samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á hverjum tíma og er við undirritun samnings 1,170% af fasteignamati lóðar. Leiguna skal greiða með fasteignagjöldum ár hvert. Um innheimtu og gjalddaga leigunnar fer eftir þeim reglum sem gilda um innheimtu fasteignagjalda í Hafnarfjarðarbæ, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Lóðarhafi greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru á hina leigðu lóð eða verða lögð á hana.

Aðför má gera í húsum og mannvirkjum á lóðinni til fullnustu fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 90/1989 um aðför.

6. Framsal lóðarréttinda og réttur veðhafa

Lóðarhafi hefur fulla veðheimild við þinglýsingu lóðarleigusamnings.

7. Lok leigusamnings

Vilji Hafnarfjarðarbær ekki, að loknum leigutímanum, endurnýja lóðarleigusamning með tilheyrandi mannvirkjum skal Hafnarfjarðarbær greiða leigutaka sannvirði mannvirkis eða mannvirkja eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands mannvirkja.

Brjótí lóðarhafi í einhverju ákvæði þessa samnings, er Hafnarfjarðarbæ heimilt að segja upp lóðarleigusamningi. Skal Hafnarfjarðarbær þá greiða lóðarhafa sannvirði mannvirkis eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands mannvirkjanna. Hafnarfjarðarbær beiðist dómkvaðningar en lóðarhafi greiðir matskostnað.

8. Ágreiningur

Ef ágreiningur rís vegna samnings þessa skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

9. Þinglestur

Lóðarhafi greiðir kostnað við þinglestur á samningi þessum og stimpilgjald.

Af lóðarleigusamningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Hafnarfjörður, xx 2019

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

Við undirritaðir lóðarhafar höfum kynnt okkur og samþykkið framanskráða leiguskilmála, og skuldbindum okkur til að halda þá í öllum atriðum.


Vitundarvottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

HINTASKRÁ:

X	Y
357322 700	39867 706
357342 856	398702 303
357340 076	398719 129
357337 596	398724 139
357333 117	398749 147
357332 637	398764 156
357327 585	398704 67
357293 203	398600 31
357293 732	398765 350
357297 438	398724 315
357298 022	398780 252
357294 721	398771 028
357296 351	398757 559
357298 217	398752 676
357202 666	398729 103
357206 678	398728 418
357207 573	398723 825
357212 470	398709 646
357215 886	398691 781
357206 772	398687 102
357204 354	398705 459
357208 170	398707 080
357297 551	398725 205
357292 089	398743 761
357288 089	398762 417
357284 599	398770 161
357281 387	398786 750
357247 734	398600 176
357250 947	398780 906
357254 578	398755 732
357257 579	398734 026
357267 640	398716 536
357277 563	398698 368
357285 369	398694 130
357290 692	398677 285
357219 876	398788 174
357214 771	398786 129
357211 385	398794 574
357216 480	398796 621



SKYRINGAR:
 BUNDIN BYGGINGARLÍNA
 YSTU LEYFILEG MÖRK BYGGINGA
 FLATARMÁL LÓÐAR
 NÚMÉR LÓÐAR

BREYTINGAR
 BR. FEKKUN GESTASTÆÐA SKV. SKIPULAGSNEFND DAGS. 31.1.10. 95.
 BR. DEILISKIPLAG SKV. SKIPUL. NEFND DAGS. 13.3.96 BÆJARSTJ. 22.10. 96.
 BR. DEILISKIPLAG SKV. SKIPUL. NEFND DAGS. 5.12.96. 12.9.97. 17.2.98.

HAFNARFJARDARBAER
SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
 LINDARBERG 1 OG 76 - 100
 MÆLIBLAD 23.227.1

STGR NÚMÉR ADLIGGLJANDI LÓÐABLAÐA
 23.221.1

STADSETNING BINDANDI
 KVÖÐ UM 3 OPIN BILASTÆÐI Á LÓÐ
 STADSETNING BINDANDI

GESTASTÆÐI UTAN LÓÐAMARKA
 STADSETNING BINDANDI

HORNPUNKTAR LÓÐA
 STADGREININÚMÉR
 LANDNÚMÉR

STÖÐ OG HEITI SKRÁR: S:\AUTOCAD\232322\MH\23227_Lisnri93.dwg
 SLOÐ OG HEITI X-REF: 232271

Telkn.nr.:	111.039	Sambpkkf:	BS
Mælt:	SH/S/EBH 95	M.k.v.:	1:500
Hannæð:	SH/AT/KÖM 95	Dags.:	SEPT 2016
Telknæð:	SH/ELJ 95	Breyft:	
Blasst: A3			